


# VIRÐING

— í Vesturbæ —



VIÐ ERUM GÓÐ HVERT VIÐ ANNAD - ÞAÐ ER GAMAN AÐ VERA SAMAN  
ÞAÐ ERU EKKI ALLIR EINS - VIÐ ERUM HJÁLPSÖM



# INNGANGUR

Leikskólar í Vesturbæ Reykjavíkur í samstarfi við Þjónustumiðstöð Vesturbæjar hafa unnið að því að útbúa sameiginlega eineltisáætlun fyrir Vesturbæinn. Ástæða þess að ráðist var í ritun sameiginlegar eineltisáætlunar er sú, að skapa samhljóm í forvarnavinnu leikskóla hverfisins. Með tilurð áætlunarinnar eru lagðar línur í forvarnavinnu leikskólanna og markmiðið er að börnin í Vesturbæ þekki betur hvað er við hæfi í samskiptum, beri það með sér út í lífið, þannig að þau átti sig frekar á og hafni einelti.

**Það er von okkar sem unnu að þessari áætlun að hún skili sér til barna í Vesturbænum og annarra sem geta nýtt sér áætlun þessa.**

Fyrir hönd leikskóla í Vesturbæ,

**Halldóra Guðmundsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri - Drafnarsteini**  
**Freyja Kristjánsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri - Tjörn**  
**Ásmundur Kristberg Örnólfsson, aðstoðarleikskólastjóri - Ægisborg**

Fyrir hönd Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar,

**Hörður Heiðar Guðbjörnsson, verkefnastjóri - Vesturgarði**

# EINELTISÁÆTLUN

## LEIKSKÓLA Í VESTURBÆ

„Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspieli einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla.“ (Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 16)

### Um eineltisáætlunina

Í Vesturbæ Reykjavíkur eru 15 leikskólar. Níu leikskólar eru reknir af Reykjavíkurborg, en þeir eru: Drafnarsteinn, Grandaborg, Gullborg, Hagaborg, Mýri, Sæborg, Tjörn, Vesturborg og Ægisborg. Sjálfstætt starfandi leikskólar eru Leikgarður, Mána-  
garður, Sólgarður, Sælukot og Waldorfskólinn Sólstafr Höfn og Skerjagarður.

Þessi eineltisáætlun er fyrir öll börn í leikskólum Vesturbæjar. Markmiðið er að hún sé einföld og skýr, en hún tekur til allra sem starfa í leikskólunum, barna og fullorðinna.

### Markmið með eineltisstefnu leikskóla Vesturbæjar er að:

- Starfsfólk leikskólanna vinni að forvörn eineltis.
- Starfsfólk leikskólanna sé vakandi fyrir einelti og átti sig á því ef það kemur upp í barnahópnum.
- Viðbrögð við úrlausn eineltismála séu skýr og nákvæm og lúti ákveðnu ferli.

Forvarnir eru mikilvægastar í eineltismálum leikskóla. Til dæmis með því að vinna með vináttu, virðingu og samkennd og að þjálfa þau í lýðræðislegu samstarfi.

*Í leikskóla fer vel á að ræða um vináttu og mikilvægi þess að öllum líði vel í hópum. Hugtakið einelti er vandmeðfarið og torskiðið börnum á leikskólaaldri og þurfa kennararnir að hafa það í huga ef þeir kjósa að nota hugtakið í orðræðu.*

Einelti getur hafist í leikskóla og fylgt barni áfram í grunnskóla ef ekki er ráðin bót á. Í leikskólanum mynda börnin venskap og það getur skipt miklu að þau fái tíma og hjálp til að rækta hann. Það getur breytt miklu fyrir barn sem er í áhættuhópi þolenda eineltis að eiga traustan og góðan vin. Börn í leikskólum eru í öruggu umhverfi og eru þau í nánum tengslum hvert við annað og því upplagt að hefja þá þegar vinnuna gegn einelti. Aukinheldur eru tengsl starfsfólks og foreldra í leikskólum oft á tíðum nánari en á öðrum skólastigum.

Þar sem allir grunnskólar Reykjavíkurborgar í Vesturbæ og frístundaheimilin vinna eftir Olweusaráætluninni er skynsamlegt að starfsmenn leikskólanna þekki til hennar og viti hvernig unnið er að eineltismálum á næsta skólastigi.

Hægt er að leita aðstoðar í Vesturgarði, þjónustumiðstöð hverfisins á Hjarðarhaga, ef þörf er á utanaðkomandi hjálpi. Í Vesturgarði starfar forvarnarteymi Vesturbæjar, sem fjallar um öll forvarnarmál bæjarhlutans. Teymið er samráðshópur um forvarnir og skipað þvert á þau svið borgarinnar sem koma að forvarnamálum.

## Hvað er einelti?

Margar skilgreiningar eru til á einelti en hér verður notuð sama skilgreining og Reykjavíkurborg styðst við.

Einelti felur í sér að barn/einstaklingur er tekinn fyrir af einum eða hópi með síendurtekinni:

- Stríðni eða látbragði.
- Niðrandi ummælum og sögusögnum.
- Andlegri kúgun og hótunum af ýmsu tagi.
- Félagslegri höfnun, markvissri útskúfun, eða barn skilið útundan.

Ef barn er lagt í einelti líður ekki langur tími áður en því fer að líða illa, það verður óttaslegið, öryggislaust, einmana og á varðbergi. Einelti er ofbeldi sem getur haft varanleg áhrif.

## Forvarnir gegn einelti í leikskóla

Þekking leikskólafólks á birtingarmynd og einkennum eineltis, viðbrögðum við einelti en allra helst á forvörnum, er afgerandi árangursþáttur í eineltismálum leikskóla. Á sama stalli er góð samvinna heimilis og leikskóla.

**Fyllsta trúnaðar skal gætt við meðferð eineltismála.**

Forvarnir eru lykilþáttur í leikskólastarfi, en leikskólaárin eru einhver mikilvægustu mótunarár manneskjunnar. Í bernsku þarf að hlúa að barninu með virðingu, jákvæðni og heilbrigði að leiðarljósi. Áhersla á skólabrag, þar sem jákvæð samskipti ríkja í skólasamfélaginu og skýr stefna um að einelti sé ekki liðið, er lykilþáttur í forvörnum.

Lýðræði í skólastarfi snýst öðrum þræði um daglega starfshætti skóla og hinum um menntun barna í lýðræðisþjóðfélagi og að styrkja þau til virkrar þátttöku í því. Í leikskóla þarf að gæta þess að innviðir starfsins byggji á lýðræðisgildum og að börnin fái að æfa sig í lýðræðishlutverkinu, en leikur gefur börnum rík tækifæri til þess. Unnið er með þeim að þekkingu gegn fordómum og fjölbreytni mannlífsins hampað.

Starfsfólk leikskóla er börnunum fyrirmynd í samskiptum, þarf það að bera virðingu hvert fyrir öðru og temja sér jákvæðni og mildi í orðum. Til þess að minnka líkurnar á einelti er mikilvægt að vinna með samskipti barnanna, umburðarlyndi, vináttu og umhyggju. Að leggja rækt við samskiptaskilning barna er kjörið verkefni og að setja sig í spor annarra er þar einna mikilvægast.

Í leikskóla er sýnu mikilvægara að styrkja viðeigandi hegðun í stað þess að bregðast eingöngu við óáskilegri hegðun. Mikilvægt er að starfsfólk sé vakandi fyrir vanlíðan, skoði félagstengsl og samskipti barnanna og bregðist við á viðeigandi hátt ef út af bregður.

*Í leikskóla er mikilvægast að koma í veg fyrir einelti áður en það hefst. Einelti þrífst illa þar sem góð samskipti ríkjá.*

Í forvarnarvinnunni er gott að huga að barnahópnum í heild. Þó þarf sérstaklega að huga að þeim börnum sem eru aðgangshörð og hlédræg. Aðgangshörðu börnin eru í áhættuhópi gerenda en hlédrægu börnin, sem geta verið viðkvæm, óörugg, kvíðin, varkár og stundum vinafá, eru í áhættuhópi þolenda eineltis.

Grunnskólar í Vesturbæ vinna með Olweusar-áætlunina og þótt innleiðing hennar sé ekki á dagskrá leikskólanna, er allt starfsfólk leikskólanna hvatt til að kynna sér hugmyndir Olweusar um einelti, forvarnir og viðbrögð.

Náin samvinna heimilis og leikskóla þar sem traust ríkir og gott upplýsingaflæði er milli aðila, stuðlar að því að fyrr og nákvæmar sé brugðist við.

Hlutverk foreldra er að vera vakandi fyrir líðan og félagslegri stöðu barna sinna og vera í sambandi við deildarstjóra þar um. Einnig að stuðla að jákvæðum samskiptum barna utan leikskólatíma.

## Nokkur góð forvarnatriði:

- Eineltisumræða á skipulagsdögum, starfsmanna- og deildarfundum.
- Markviss fræðsla um einelti og samskipti t.d. í símenntunaráætlun.
- Skýrir verkferlar í forvarnarmálum.
- Vinna með samskipti, vináttu, félagsþroska, samkennd, samhygð og að setja sig í spor annarra.
- Styrkja einstaklinginn og byggja hann upp fyrir framtíðina.
- Skoða aðstæður í leikskólanum með tilliti til eineltis.
- Skólareglur og/eða umgengisreglur á deildinni. Börnin taka þátt í mótun samskiptareglna.
- Námsfni í lífsleikni þar sem unnið er með gildi eins og virðingu, samkennd og tilfinningar.
- Samningur starfsfólks um samskipti og sáttmáli um uppbyggilegan starfsanda sem byggir á jákvæðni, virðingu og gleði.
- Virkt eftirlit á öllum starfssvæðum leikskólans.
- Gera athuganir um samskipti, kanna líðan barna og vinatengsl.

## Viðbrögð vegna gruns um einelti

Allar ábendingar um einelti skulu teknar alvarlega. Þegar vitneskja berst um einelti til leikskólans frá barni, forráðamönnum eða starfsfólki leikskólans, er henni komið til deildarstjóra. Deildarstjóri greinir málið samkvæmt skilgreiningu leikskólans á einelti. Hann leitar eftir upplýsingum frá starfsfólki og öðrum sem koma að leikskólastarfinu og ákveður næstu skref eftir eðli málsins og ráðfærir sig við yfirstjórn leikskólans.

## Aðgerðir

1. Ef deildarstjóri metur að um einelti geti verið að ræða, gerir hann forráðamönnum málsaðila grein fyrir stöðunni.

### Farið er yfir:

- Hver viðbrögð leikskólans eru til að aðstoða þolanda og gerandalgerendur.
  - Hvað forráðamenn þolanda og gerandalgerenda geta gert til aðstoðar barni sínu og leikskólanum og hver ábyrgð forráðamanna er í eineltismálum.
  - Samstarf foreldra og deildarstjóra um að fylgja málinu eftir.
2. Deildarstjóri gerir viðkomandi starfsfólki og leikskólastjóra grein fyrir stöðu mála.
  3. Deildarstjóri skráir allt ferlið. Foreldrar eru einnig hvattir til að skrá hjá sér málsatvik. Gangi ekki að uppræta eineltið innan veggja deildarinnar leitar deildarstjóri til eineltisteymis leikskólans að fengnu samþykki foreldra.

## Eineltisteymi

Í eineltisteymi situr leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri ásamt sérkennslustjóra (ef við á). Viðkomandi deildarstjóri tekur einnig sæti í teyminu. Þegar máli er vísað til eineltisteymis skal það í samstarfi við ábyrgðaraðila, setja fram áætlun innan tveggja (virkra) daga. Þar komi fram ákvörðun um úrvinnslu og verkaskipting (hver beri ábyrgð á tilteknum þáttum þess). Ef þurfa þykir skal leita eftir aðstoð og ráðgjöf hjá Vesturgarði um úrlausn mála.

**Sá sem virðir sjálfan sig og aðra, leggur gott til samferðarmanna og tekur heilbrigðan þátt í samfélaginu, hefur lagt rækt við mennsku sína.**



# Leikskólar í Vesturbæ Reykjavíkur

---



Reykjavíkurborg  
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar

Hjarðarhagi 45-47  
107 Reykjavík  
Sími: 411 1700  
[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)  
[vesturgardur@reykjavik.is](mailto:vesturgardur@reykjavik.is)